

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Erla Margrét Gunnarsdóttir
Dags. 12. maí 2026
Mnr. 2025060065



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað v/ matjurtarræktun í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2025-2050

Þriðjudaginn 28. apríl 2026 var haldið opið hús til að ræða framtíðarstaðsetningu fyrir matjurtargarða innan þéttbýlis Ísafjarðar.

Markmið opna hússins var að fá hugmyndir og sjónarmið íbúa um hvar hentað geti að gera ráð fyrir matjurtagörðum til framtíðar og hvernig slíkt geti fallið að byggð og mannlífi ásamt því að auka sjálfbærni.

Um 20 manns mættu á fundinn og sköpuðust góðar umræður um matjurtarræktun og mikilvægi þess.

Nokkrar staðsetningar voru ræddar og var mikil og góð umræða um að mikilvægt væri að hafa bæði stærri og minni garða. Stærri garðar geta verið fjær íbúum en minni reitir nær.

Nokkrar staðsetningar voru ræddar: Dagverðardalur, Tunguskógur, gamli Seljalandsvegur, núverandi svæði og síðan mest rætt um Grænagarðshlíðina. Grænagarðshlíðin er á hættusvæði C, sem ekki má byggja á og því mjög gott að nýta undir aðra starfsemi.

Aðrir punktar komu einnig fram. Þar má t.d. nefna að matjurtarrækt hefur jákvæð áhrif á geðheilsu, það er gott að hafa samverustað hjá gördunum og einhverjir garðar þurfa að vera aðgengilegir fyrir alla.

Sammælst var um að halda samtalinu áfram. Undirrituð hefur nú þegar farið með þessa umræðu inn í vinnuhóp aðalskipulags og mun verða sérstaklega minnst á matjurtarrækt og ákveðin svæði sérmerkt fyrir matjurtargarða. Þessi vinna er enn í gangi og mun undirrituð vera í samtali við áhugafólk um matjurtarrækt þegar vinnan innan vinnuhóps er lengra komin.